

Fréttabréf Heiðarskóla


Mars 2016

Ábm. Bryndís Jóna Magnúsdóttir



Leikur, söngur, dans og gleði á árshátíð

Árshátíðir Heiðarskóla fóru allar þrjár fram á sal skólans föstudaginn 11. mars. Fjöldmennur hópur nemenda í 1. bekk steig fyrstur á svið um morguninn. Í hlutverkum ávaxta í Ávaxtakörfunni þreyttu krakkarnir í 1. bekk frumraun sína í sviðsframkomu á árshátíð og stóðust þeir svo sannarlega prófið. Paulæfðir nemendur í 2. bekk sýndu gestum því næst hvað þeir hafa lært í forskólanum hjá Sigrúnu Gróu í blokkflautuleik og svo sungu þeir af mikilli snilli um svaninn fagra og mömmu Pakitu, með hristum, klappi og stappi. Nokkrir krakkar úr 3. bekk sýndu síðan snilli sína í hjóðfæraleik en allur árgangurinn söng af krafti Vikivaka við undirspil Mumma tónmenntakennara og kváðu burt fordóma með hinu vinsæla lagi Pollapönkara. Á árshátíð yngsta stigs mátti glöggst sjá að með hverju skólaárinu sem líður eflast nemendur okkar í sviðsframkomu.



Á miðstigi mættu þrautreyndir sviðslistamenn til leiks. Fjórði bekkur reið á vaðið með paulæfðum og taktföstum flutningi víсна og fögrum söng. Krakkarnir í 5. bekk mættu íklæddir Charleston klæðum og sungu, dönsuðu og léku atriði úr Buggy Malone með miklum tilprifum. Þau Aron og Hjördís í 6. ÓB brugðu sér svo í hlutverk Danny Zuko og Söndru D. og bekkjarfélagar þeirra vippuðu sér í leðurjakka og lifðu sig vel inn í Grease hlutverkin. Sýndu þau öll snilldartakta, bæði í söng og dansi. Nemendur í 6. HS skemmtu sjálfum sér og gestum við að dansa hina ýmsu dansa sem vinsælir hafa verið í gegnum tíðina. Þarna mátti sjá tivist, moonwalk, hipp hopp og hvaðeina. Krakkarnir í 7. DG sýndu því næst leikritið *Þegar ég verð stór* eftir Daníelli, umsónarkennarann þeirra. Síðust á svið voru nemendur í 7. ÞG en þau reyndu að sjá fyrir sér mögulega umsækjendur um stöðu skólastjóra Heiðarskóla á skoplegan hátt, dönsuðu síðan YMCA og sýndu loks fyndið fimleikaatriði.



Á báðum þessum sýningum voru sýnd tvö atriði úr unglingasöngleiknum Frelsi sem var svo frumsýndur á unglingaárshátíðinni eftir hádegi. Verkið er eftir Skagamennina Flosa Einarsson og Gunnar Sturlu Hervarsson og var síðast sett upp fyrir 6 árum, á 10 ára afmælisári skólans. Sló það rækilega í gegn og muna leikararnir sjálfir vel eftir sér, töluvert lægri í loftinu, sönglandi lögin með stjórnur í augunum yfir leikurunum á göngum skólans. Frumsýningin heppnaðist prýðisvel og eiga leikarar og aðrir þátttakendur í þessu flotta verkefni mikið hrós skilið, ekki síst þær Guðný Kristjánsdóttir og María Óladóttir leikstjórar.



Foreldrum færum við okkar bestu þakkir fyrir kaffiveitingar og frábæra mætingu. Þakkir fær einnig allt starfsfólk skólans en á dögum sem þessum leggjast allir á eitt við að láta allt ganga sem best.




Allir sigurvegarar!



Íþróttar- og heilsudagar stóðu yfir 15.-17. febrúar þar sem m.a. var spellað í eltingaleikjum körfuskið og survivor. Spriklinu lauk svo með keppni 10. bekkinga og starfsfólks. Drengir og karlar kepptu í knattspyrnu og stúlkur og kerlar í brennó. Ekki er talin þörf á orðalengingum um úrslit viðureignanna að þessu sinni. Þeim verður best lýst á þann veg að allir hafi gert sitt besta og verið sannkallaðir sigurvegarar. ALLIR. Það að sú sem þetta ritar sé talinn til fullorðinna þátttakenda í þessum annars skemmtilega viðburði hefur nákvæmlega ekkert með skort á upplýsingum um úrslit að gera. Ekkert. :)



Klukkur, mynstur og banjó á degi stærðfræðinnar



Föstudagurinn 5. febrúar var dagur stærðfræðinnar. Í tilefna af honum voru ýmis óhefðbundin verkefni unnin í stærðfræðitímum. Litrík mynstur voru áberandi um allan skólann. Nemendur á unglingastigi bjuggu til klukkur þar sem skífutölurnar voru ýmis konar reiknidæmi og krakkarnir í 1. bekk föndruðu litrík banjó úr grunnformunum.



Gettu enn betur



Spurningakeppni grunnskólanna í Reykjanesbæ, Gettu enn betur, fór fram í Njarðvíkurskóla miðvikudaginn 3. febrúar. Þau Bergur Daði Ágústsson, Dagný Halla Ágústsdóttir og Einar Örn Andrésson skipuðu lið Heiðarskóla. Auk Heiðarskóla tók Holtaskóla, Akur, Njarðvíkur og Myllubakkaskóli þátt. Í fyrstu umferð mætti liðið okkar Myllubakkaskólans og lauk þeirri viðureign með öruggum sigri okkar fólks. Í seinni umferðinni mættu þau Njarðvíkurskóla og töpuðu með aðeins tveimur stigum í hörkuspennandi keppni en það kostaði liðið þátttöku í úrslitaviðureigninni. Í úrslitum kepptu lið Njarðvíkur- og Holtaskóla og höfðu Holtskælingar betur. Þau Bergur Daði, Dagný Halla og Einar Örn stóðu sig með þrýði og voru sjálfum sér og skólanum til sóma. Við kunnum þeim bestu þakki fyrir að hafa tekið þetta verkefni að sér fyrir skólans hönd.



Sigur í hraðaprautinni í 1. riðli Skólahreystis



Lið Heiðarskóla keppti í 1. riðli í undanúrslitum Skólahreystis fimmtudaginn 3. mars. Þau Arnór Sveinsson, Harun Crnaz, Kamilla Sól Viktorsdóttir og Sædis Ósk Eðvaldsdóttir skipuðu liðið og var Skólahreystikempan Helena Jónsdóttir þjálfarinn þeirra. Þau Arnór og Kamilla Sól gerðu sér lítið fyrir og sigruðu hraðaprautina en þau fóru brautina á 2.19 mínútum. Harun gerði 22 upphíffingar og 24 dýfur og Sædis Ósk 33 armbeygjur og hékk í 2.11 mínútur. Þegar öll stig höfðu verið lögð saman var ljós að liðið okkar hafnaði í 6. sæti.

Riðlakeppnin var haldin í íþróttahúsinu við Sunnubraut og er það í annað sinn sem Skólahreysti er haldið hér í bæ. Stemningin í húsinu var mögnuð og spennustigið hátt, bæði meðal keppenda og áhorfenda. Lið Holtaskóla var sigurvegari riðilsins og óskum við grannaskólanum okkar til hamingju með árangurinn. Lokakeppnin verður haldin 20. apríl.

Þau Arnór, Kamilla, Harun og Sædis hafa lagt sig mjög vel fram við æfingar og undirbúning fyrir keppnina. Þó að frammistaðan á keppninni sjálfri hafi ekki fleytt þeim áfram í úrslitin, eins og þau stefndu að,

þá erum við í Heiðarskóla ákaflega stolt af þessum hraustu krökkum og þakklát fyrir að þeir hafi viljað keppa fyrir hönd skólans í þessari skemmtilegu en gjarnan krefjandi keppni. Helenu og varamönnum Berglín Sólbrá, Braga Má og Evu Maríu þökkum við einnig fyrir þeirra framlag.

Stóra upplestrarkeppnin 2016

Þann 25. febrúar voru þau Andri Sævar Arnarsson og Urður Unnardóttir valin úr hópi 7 nemenda í 7. bekk til að vera fulltrúar Heiðarskóla í Stóru upplestrarkeppninni. Ásthildur Eva Hólmarsdóttir Olsen var jafnframt valin varamaður. Aðrir keppendur voru þau Ásta Rún Arnmundsdóttir, Ragnheiður Sunna Svandísardóttir, Guðmundur Rúnar Júlíusson og Ingvar Breki Karlsson. Öll stóðu þau sig með stakri þrýði og reyndist dómnefndinni það verkefni að velja aðeins tvo fulltrúa afar erfitt. Dómnefndina skipuðu þau Sóley Halla skólastjóri, Gunnar Þór Jónsson fyrrverandi skólastjóri Heiðarskóla og Guðmunda Lára Guðmundsdóttir skólafulltrúi Reykjanesbæjar. Allir nemendur í 7. bekk fengu góða þjálfun í upplestri og mun sú reynsla vafalaust nýtast þeim vel.

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar fór svo fram á sal Grunnskólans í Sandgerði þann 2. mars. Alls kepptu 14 nemendur úr öllum skólum Reykjanesbæjar og Sandgerðisskóla. Keppnin var jöfn og spennandi og stóðu þau Andri og Urður sig feykivel. Birgitta Rós Ásgrímsdóttir, nemandi okkar í 8. þé, var annar tveggja kynna á hátíðinni en hún var sigurvegari keppinnar í fyrri, þá nemandi í Holtaskóla. Bergrún Dögg úr Myllubakkaskóla bar sigur úr bítum, Hafína Maja úr Háaleitisskóla var í öðru sæti og Gabríel Aron úr Sandgerðisskóla í því þriðja. Við verðlaunaafhendingu var Urði sérstaklega hrósað fyrir flutning sinn á ljóðinu Ást í kreppu. Við í Heiðarskóla erum ákaflega stolt af frammistöðu þeirra Andra og Urðar og óskum þeim til hamingju með árangurinn.



Flott frammistaða á sundmóti grunnskólanna



Sundmót grunnskólanna var haldið þriðjudaginn 8. mars í sundlauginni í Laugardal. Á mótinu voru 512 keppendur frá 34 skólum sem er metfjöldi á þessu móti. Heiðarskóli sendi til keppni tvö lið, eitt lið í 5. - 7. bekk og annað í 8. - 10. bekk. Alls kepptu 16 nemendur fyrir hönd skólans og voru sumir að keppa á sínu fyrsta sundmóti. Gleðin var mikil hjá keppendum og árangurinn var eftir því góður. Yngri liðið endaði í 4. sæti og eldra liðið í 11. sæti. Nemendur voru skóla sínum til sóma bæði ofan í lauginni sem og á bakkanum.

Öskudagsfjör



Í tilefni af öskudegi var skólastarfið okkar brotið upp með ýmsu móti. Eins og venja er höfðu draugarnir, uppvakningarnir og furðufuglarnir í nemendaráði sett upp draugahús sem vakti mikla lukku. Í íþróttasalnum var sprellað í leik og dansi og í heimastofum var spilað, spjallað og leikið. Nemendur í 7.-10. bekk höfðu val um að taka þátt í spurninga- eða borðtenniskeppni, spila á spil, leika sér í Guitar Hero, horfa á vinsæla sjónvarpsþætti og svo auðvitað sýna sig í búningum og sjá aðra. Yngri nemendur skólans fóru einnig í hinar geysivinsælu búningakönnunarferðir. Klukkan 11 lauk svo öllu skipulögðu skólastarfi og örkuðu furðuverurnar okkar út í blíðviðrið og stefndu margar þeirra í átt að verslunum bæjarins í von um að geta fengið gott fyrir fagran söng.



Leicester stærðfræðinnar í Heiðarskóla!

Lítill hópur drengja úr 6. bekk hefur undanfarið lært stærðfræði undir stjórn Eysteins Haukssonar. Í fyrsta tíma ákváðu drengirnir, sem allir eru miklir fótboltaáhugamenn, í samráði við kennarann að þeir ætluðu sér á næstu mánuðum að vera „Leicester stærðfræðinnar“ og koma öllum á óvart með miklum dugnaði og framförum. Námið hófst svo með þeim hætti að strákarnir keppa í hverjum tíma sem Leicester við annað félag úr ensku úrvalsdeildinni. Þeir fá saman ákveðin verkefni og tímamörk til að klára þau í sameiningu. Ef þeir eru allir með rétt svar þegar tíminn er útrunninn, þá fer mark á töfluna fyrir Leicester en ef einhver er með villu, þá skráist það sem mark á hitt liðið. Það sama gerist ef fyrirmyndar hegðun í tímanum er ábótavant. Leiknum lýkur svo þegar bjallan hringir í lok tíma og þá eru mörk hvors liðs lögð saman. Það reynir því á samvinnu strákanna, þátttöku allra liðsmanna, dugnað og einbeitingu í leit að sigrum, ekkert ósvipað og hjá liði Leicester í enska boltanum sem svo sannarlega eru frábærar fyrirmyndir þessa dagana.



Það kom strákunum svo heldur betur í opna skjöldu þegar Eysteinn mætti í tíma fyrir stuttu með umslag í hönd og dró upp úr því stóran Leicester City fána áritaðan af öllum leikmönnum liðsins. Eysteinn hafði þá sent bréf til Englands, þar sem hann sagði frá verkefninu og að Leicester City og árangur þeirra væri drengjunum í Heiðarskóla hvatning til árangurs. Fulltrúa félagsins, Louise McConnell, þótti greinilega mikið til koma og útvegaði fánann og sendi hann til baka, ásamt hvatningarbréfi þar sem hún lýsti yfir ánægju með að félag sitt væri strákunum innblástur til framfara í náminu. Fáninn hangir nú hátt á lofti í stofu strákanna og er þeim mikil hvatning til að leggja sig alla fram. Einnig óskaði hún eftir mynd af strákunum með fánann, sem hún vonaðist til að geta birt í leikskrá félagsins fyrir heimaleik í nánustu framtíð.

Strákunum hefur gengið ágætlega það sem af er „leiktímabilinu“ og meðal annars lagt Liverpool, Norwich, Arsenal, Everton og Watford að velli ásamt því að gera jafntefli við Tottenham. Þá lögðu þeir Real Madrid sannfærandi í vináttuleik.



Gleðilega páska!

